

## Gjaldskrá og tímaútreikningar tómstundaheimilis

Þegar tímafjöldi er reiknaður út er miðað við tímafjölda á viku x 4 vikur. Gjaldskrá Garðabæjar er í þrepum sem hlaupa á 10 tímum. Gjald fyrir síðdegishressingu er 100 kr. á dag og er einnig miðað við 4 vikur í mánuði.

Dæmi: Nemandi sem skráður er 2 klst á dag (14-16), 5 daga vikunnar er því 40 tíma á mánuði. Hann fellur undir þrep 4 (31-40 tímar) og greiðir 9.970. Síðdegishressing er  $100 \times 5 \times 4 = 2000$ .

Gjaldið er innheimt fyrirfram og því er mikilvægt að tilkynna allar breytingar fyrir 19. hvers mánaðar. Innheimta er í höndum bæjarsjóðs Garðabæjar.



### GJALDSKRÁ FYRIR TÓMSTUNDAHEIMILI

Á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar, þann 7. desember 2006 var samþykkt eftirfarandi gjaldskrá fyrir dægradvöl og heimanám í tómstundaheimilum grunnskólanna.

Gjald fyrir dægradvöl skal miðast við eftirfarandi sjö flokka.

1- 10 klst./mán.	2.490
11-20 klst./mán.	4.970
21-30 klst./mán.	7.470
31-40 klst./mán.	9.970
41-50 klst./mán.	12.480
51-60 klst./mán.	14.960
61-70 klst./mán	17.450

Gjald vegna aðstoðar við heimanám skal vera kr. 330 fyrir hverja klukkustund.

Gjaldskrá þessi skal gilda frá 1. jan 2007.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar  
7. desember 2006*

*Guðjón Erling Friðriksson,  
bæjarritari.*